Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

10. tölublað · Þriðjudagur 6. mars 1979 · 8. árgangur · verð kr. 100.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Aðgerðum kínverja í Víetnam lokið

Fréttastofan Nýja Kína skýrði frá því á mánudag, að Hua Kuo-feng formaður kínverska kommúnistaflokksins hefði lýst því yfir í samræðum við utanríkisráðherra Bretlands, að kínverski herinn væri nú á förum frá Víetnam. Sagði hann, að kínverjar hefðu lokið ætlunarverki sínu í Víetnam og því séu þeir nú að hverfa heim á leið. Hann varaði jafnframt víetnama við því, að reyna að endurtaka yfirgang sinn við landamærin. Sagði Hua, að kínverjar væru undir það búnir að endurtaka gagnráðstafanir sínar hvenær sem þess kynni að verða þörf.

Lang Son fallin

Héraðshöfuðborgin Lang Son hefur fallið í hendur kínverja eftir einhverja hörðustu bardaga síðan átökin hófust. Beitt var stórskotaliði á báða bóga og urðu víetnamar að láta undan síga að lokum. Virðist sem taka þessarar borgar hafi verið það mark sem kínverjar settu sér, en hún er skammt frá fyrrverandi höfuðborg N-Víetnam, Hanoi.

Þetta getur bent til þess, að kínverjar hafi fyrst og fremst viljað veita víetnömum harða ráðningu fyrir yfirgang þeirra á landamærum ríkjanna, sem þeir hafa haft í frammi allar götur síðan 1975 og vara þá jafnframt við því, að hernaðarlegur styrkur kínverja sé svo mikill, að þeir geti hæglega sigrað heri víetnama, ef þeir hætta á innrás í Kína.

Stór orð í Hanoi.

Víetnömsk stjórnvöld hafa rekið mikla áróðursherferð meðan á stríðinu stóð. Sérstök áhersla hefur verið lögð á hve margir kínverskir hermenn hafi fallið. Síðustu fregnir frá Hanoi herma, að víetnamar hafi hafið gagnsókn og séu nú að reka kínverja af höndum sér. Virðist svo sem víetnamska stjórnin reyni að láta líta svo út, sem brottflutningur kínversks herliðs sé vegna harðrar andspyrnu víetnamska hersins. Þessar yfirlýsingar víetnama hafa þó alls staðar mætt tortryggni þeirra, sem fylgst hafa með átökunum, því flest bendir til þess að þeir hafi ekki hernaðarlegan styrk á við kínverja og hafi borið skarðan hlut frá borði í þessari viðureign.

Það vekur athygli, að ríkin hafa ekki slitið stjórnmálasambandi meðan á átökunum hefur staðið.

Kínverjar standa við orð sín.

Margir urðu til þess að lýsa því yfir, að með innrás sinni í Víetnam væru kínverjar að fara út á sömu braut og stórveldin tvö. Upphlaupsmenn í Fylkingunni gerðu samþykktir og ritstjórn Þjóðviljans og dagblaðsins Tímans túlkuðu sjónarmið Sovétríkjanna mjög greinilega. Enda hafa allir þessir aðilar einhver tengsl við Moskvu, annað hvort bein stjórnmálatengsl, eða efnahagsleg tengsl.

Nú hefur hins vegar komið á daginn, að kínverjar ásælast ekki víetnamskt landsvæði né ætla sér að breyta stjórnarháttum í Víetnam. Ætlun þeirra er einvörðungu sú, að hrekja víetnama af höndum sér og stöðva í eitt skipti fyrir öll þá árásarstefnu sem víetnamar hafa ástundað á landamærum ríkjanna.

Búast má við, að víetnamar sætti sig ekki við þessi úrslit heldur haldi ófriðnum áfram. Enda herma síðustu fréttir frá Víetnam, að nú standi yfir allsherjar herkvaðning og ætlunin sé að herða hernaðinn gegn Kína.



Makalaus fundur

Fylkingin, félagar úr Alþýðubandalaginu og BGH gengust fyrir samstöðufundi gegn gagnárás kínverja á Víetnam. Samstaðan var þó vægast sagt lítil, því þriðjungur fundarmanna lýsti yfir stuðningi við aðgerðir kínverja og mótmælti tilefni fundarboðunarinnar. Á fundinum urðu snarpar umræður og kom þénusta Fylkingarinnar við heimsvaldastefnu Sovétríkjanna berlega fram í öllum málflutningi þeirra.

framhald á síðu 2

Fundur 8. mars

SJÁ BAKSÍÐU

30. mars 1979

SJÁ BAKSÍÐU

Nýjir samningar hjá Sókn

SJÁ BAKSÍÐU

Frá landsfundi miðstjórnar

Ályktun um efnahagsmál.

Nú undanfarin ár hefur verðbólga farið stigvaxandi auk þess sem öll stjórnun efnahagsmála einkennist æ meir af algjöru stjórnleysi. Þetta ásamt ringulreið á öðrum sviðum þjóðmála hefur opnað ýmsum loddurum leiðir til æðstu valda í stjórnmálum og stjórnun landsins. Þessir menn hafa í raun enga lausn á efnahagsmálum aðrar en þær leiðir sem troðnar hafa verið alþýðufólki til ógæfu. Þessi þróun heldur því áfram þrátt fyrir hástemdar yfirlýsingar stjórnmálamannanna. Þeir þóttust aðeins fyrir kosningar þekkja nýjar leiðir í efnahagsmálum en þegar til framkvæmdanna kemur eru þeir allir jafn ráðalausir.

Efnahagsráðstafanir vinstristjórnarinnar ganga allar út á hvernig halda megi niðri laununum. Mikilvægasta atriðið í efnahagstillögum Ólafs Jóhannessonar er binding launahækkana og skerðing á umsömdum samningum. En að ætlast til að frumvarpið snerti nokkuð við orsökum eða setji hreinlega bann við verðhækkunum upp fyrir ákveðið lágmark, væri að ætlast til of mikils.

Þessu frumvarpi og raunar flestum ráðstöfunum vinstristjórnarinnar hlýtur verkalýðshreyfingin að mótmæla harðlega. Launafólk verður að rísa upp til baráttu fyrir því að gera stéttarfélögin að virkum baráttutækjum. Forystumenn ASÍ,

framhald á síðu 2

Jafnrétti til náms fyrirfinnst ekki!

Er jafnrétti til náms á Íslandi? Þetta er oft fullyrt og vísað til laga um það. Og vissulega eru til lög sem segja að allir eigi jafnan kost á menntun. Þjóðfélagið viðurkennir jöfnuð á þessu sviði sem mörgum öðrum í orði kveðnu. En hvernig er ástandið í raun og veru?

Nýlega birtust í Barningi, blaði LMF, niðurstöður könnunar um það úr hvaða þjóðfélagshópum nemendur þessara skóla koma.

Niðurstaðan er á þá leið að börn og unglingar úr einstaka þjóðfélagshópum eru fjölmennastir í skólum landsins.

Þetta kemur að vísu ekki á óvart. Kommúnistaflokkur Íslands og fleiri hafa margsinnis bent á þessa staðreynd. En hér er um að ræða óyggjandi niðurstöður sem sanna þetta mál. Auk þjóðfélagsstöðu hefur búseta mjög mikil áhrif á sókn í skólana.

Í stéttskiptu þjóðfélagi þar sem fámenn yfirstétt ræður, er alltaf um að ræða mismun í menntun og öðru. Afkomendur þessarar fámennu yfirstéttar hafa allar dyr opnar í krafti auðs og valda, en hinum eru sömu dyr lokaðar.

Könnunin er byggð á upplýsingum frá 10 skólum, öllum menntaskólum landsins auk Verslunarskóla og Samvinnuskóla. Þessi könnun nær til alls landsins og er að því leyti nýnæmi.

Tölfræðilegar upplýsingar voru fengnar frá mörgum opinberum og óopinberum stofnunum.

Höfundar könnunarinnar eru tveir nemendur í félagsvísindadeild Háskólans, Árni Einarsson og Gunnar Kristjánsson.

Vegna skorts á nýlegum upplýsingum var stéttgreining Þorbjörns Broddasonar notuð til viðmiðunar, en hún var gerð árið 1960. Þessi stéttgreining er í grófum dráttum svo:

framhald á síðu 3

LEIÐARI

Úlfaþytur

Þeir hörmulegu atburðir sem átt hafa sér stað í Suðaustur-Asíu hafa vakið ugg og kvíða fólks um alla veröld. Virðist mörgum nú sem viðvörunarorð kínverja um útþenslu og skefjalausa drottnunarstefnu Sovétríkjanna séu að rætast á fremur óhugnanlegan hátt.

Fjöldi manna batt vonir sínar við sósíalíska uppbyggingu landa eins og Kúbu og Víetnam. En nú verður fólki æ ljósari sú öfugþróun sem ítök Sovétríkjanna hafa leitt af sér í þessum löndum. Bæði Kúba og Víetnam hafa látið sósíalíska uppbyggingu og friðsamlega þróun reka á reiðanum en eytt gífurlega miklu í hernaðaruppbyggingu og gerst vopnaberar sovéskrar heimsvaldastefnu í Asiu og Afríku.

En hérlendis eru þó til menn sem gleðjast yfir styrjaldarátökunum í Indókína og hrósa happi yfir þeirri átyllu sem átökin gefa þeim til að ráðast gegn sósíalismanum og Kína. Þessir menn eru opinskáir talsmenn Sovétríkjanna, sem hingað til hafa tvístigið og varast að taka afstöðu, en telja sig loks nú þess megnuga að skríða úr híði sínu. Eins og úlfaflokkur sem matarvonin hefur smalað samar hafa þeir flokksheimvist sína að engu en sameinast til að rífa sósíalismann niður.

Það sem vekur manni mestan viðbjóð á hegðun þessa fólks er tilraun þess til að sveipa sig sósíalískri ímynd í lágkúrulegri þénustu sinni við hernaðarlega hagsmuni grimmasta fasistaríkis samtímans - Sovétríkjanna. Þetta fólk er í eðli sínu sambærilegt við þá menn sem kallaðir voru quislingar í höfuð hins norska skósveins þýska nasismans, sem beið kúgara þjóðar sinnar með með smjaðursbrosi á vör, í von um umbun og upphefð í skjóli myrkraveldisins.

Heimurinn veit að Sovétríkin ætla sér að taka Vestur-Evrópu með leifturstríði og hann á eftir að skilja það líka að þessu ætlunarverki til fulltingis hafa verið kvaddir ýmsir þeir sem hafa starfað í vinstrihreyfingum Evrópulandanna. Á sama hátt og rússar gripu undirtökin í víetnömsku frelsishreyfingunni ætla þeir að taka sér forystu samtaka á borð við Samtök herstöðvaandstæðinga í sínar hendur og auðvelda þannig hugsanlega valdatöku sína hérlendis.

Íslensk alþýða verður að vera á verði gagnvart þessum fulltrúum hins erlenda heimsveldis og afhjúpa þá eins og talsmenn Bandaríkjanna hafa verið afhjúpaðir áður.

Við hvetjum fólk til að gleyma ekki andlitum þessa fólks sem loks hefur sýnt þau með réttu. Þetta eru fjandmenn sósíalismans og þjóðfrelsis, þetta eru erindrekar sovésku heimsvaldastefnunnar á Íslandi.

Frá landsfundi miðstjórnar

framhald af forsíðu

BSRB og fleiri launþegasamtaka reka sviksamlega samvinnustefnu gagnvart atvinnurekendum. Þeir hafa í bandalagi við ríkisvaldið staðið að kjaraskerðingum og samningsbrotum. Lýðræðisreglur innan verkalýðssamtakanna hafa þeir margsinnis þverbrotið. Þetta ástand er allskostar óviðunandi. Því verða félagsmenn að taka höndum saman um að svipta hina sviksamlegu verkalýðsforingja völdum og snúa samtökum sínum til baráttu gegn valdi atvinnurekenda og ríkis.

Verðbólgan er ekkert óupprætanlegt náttúrulögmál heldur bein afleiðing þess að þeir sem eiga atvinnutæki og fjármagn græða á henni. Og þeir hafa völd til að viðhalda henni. Því verður baráttan gegn verðbólgunni að hafa það markmið að svipta hina fámennu yfirstétt landsins einkaeignarréttinum á framleiðslutækjunum og þar með framleiðsluafurðunum. Í krafti eignarréttarins og fjármagnsins drottnar borgarastéttin og gegn því ægivaldi verður verkalýðshreyfingin að beita sér.

Af þessu er ljóst að sú röksemd að launahækkanir séu orsök verðbólgunnar er fölsk. Verkafólk getur engan veginn liðið það að sífellt sé ráðist á kjör þess með launaskerðingum og verðhækkunum. Svarið við slíkum árásum hlýtur að vera skæruverkföll eða álíka áhrifaríkar gagnaðgerðir. Reynslan hefur sýnt að uppkeyptu verkalýðsforingjarnir eru ekki leiðtogar fyrir sigursælar vinnustöðvanir heldur hafa þeir þvert á móti verið dragbítur á baráttu verkafólks. Af þessu leiðir að baráttan gegn verðbólgunni er samtvinnuð baráttunni gegn stéttasamvinnustefnunni. Einungis með sigri yfir ríkjandi stéttasamvinnu í verkalýðshreyfingunni verður náð raunhæfum árangri í baráttunni gegn verðbólgunni.

HÆTTA Á HEIMSSTYRJÖLD

Ástand heimsmálanna í dag bendir okkur á hversu stutt getur verið í að algjör ófriður brjótist út. Bæði risaveldin Bandaríkin og Sovétríkin auka vígbúnað sinn og togstreita þeirra á milli verður æ harðskeyttari. Hvarvetna þar sem USA hefur orðið að hopa hafa Rússar komið í staðinn og hert tök sín. Þetta á jafnt við um lönd Afríku og Asíu. Í Afríku hafa Rússar smyglað sér inn og beita þar fyrir sig kúbönum. Í Asíu hafa þeir beitt fyrir sig víetnömum í tilraunum til að tryggja efnahags og hernaðarstöðu sína í þeim heimshlutum. Heimsfriðinum stafar gífurleg hætta frá þessum hernaðarrisum, Rússum og Bandaríkjamönnum, en þó fyrst og fremst Rússum. Þjóðir Evrópu verða að styðja hverja þá viðleitni sem miðar að því að tefja stríðsundirbúning risaveldanna eða kemur í veg fyrir hernaðarlegan yfirgang þeirra.

Þetta ásamt stuðningi við sjálfstæðis- og frelsisbaráttu ætti að vera inntak þeirrar utanríkisstefnu sem fylgt væri.

Útþenslustefna Rússlands

Styrjöldin sem geisar milli kínverja og víetnama er dæmi um það hvað heimurinn stendur nálægt algjörri styrjöld. Vegna þrýstings frá Rússlandi hafa víetnamar farið út í styrjöld gegn nágrönnum sínum. Rússar nota víetnama á svipaðan hátt og þeir nota kúbani í Afríku. Þar sem þeir komast ekki til áhrifa með friðsamlegum hætti reyna þeir að egna til átaka eða kalla til erlent herlið.

Kínverjar eru ekki aðeins að hefta útþenslu víetnama og stöðva þá í árásum á Kína og aðra nágranna. Þeir eru einnig að koma í veg fyrir að Rússar nái ófyrirsjáanlega öflugri stöðu í Suðaustur-Asíu eftir að USA var rekið þaðan út. Að þetta takist getur haft úrslitaþýðingu fyrir heimsfriðinn og útþenslu Rússa í þessum heimshluta. Við hljótum því að styðja þær aðgerðir sem kínverjar hafa gripið til, en lítum þó á þær sem neyðarúrræði sem forðast verður í lengstu lög. Slíkar aðgerðir eru til að verja sjálfstæði en ekki til landvinninga og jafnframt til að tefja risaveldin í að undirbúa stríðsrekstur sinn. Þess vegna öðlast þær stuðning alþýðufólks.

Meirihluti fylgjandi lækkun kosningaaldurs

Landssamband mennta- og fjölbrautarskólanema gekkst fyrir könnun meðal félaga sinna á skoðun nemenda á lækkun kosningaaldurs. Könnunin var unnin af tveimur nemendum MR en alls bárust svör frá 3186 nemendum af tæpum 5000 sem stunda nám við viðkomandi skóla.

Meirihlutinn er fylgjandi lækkun kosningaaldurs samkvæmt þessari könnun. Það stangast einmitt gersamlega á við fullyrðingar ýmissa manna sem andsnúnir eru lækkun kosningaaldurs.

Upplýsingar þessar eru komnar úr blaði LMF, Barningi, sem kom út í febrúar s.l.

Af þessum 3186 nemendum sem þátt tóku voru 1624 eða 51% fylgjandi lækkun kosningaaldurs, 1191 eða 37.4% á móti en 371 nemandi eða 11.6% tók ekki afstöðu. Ef aðeins eru teknir þeir sem tóku afstöðu eru fylgjendur 57.7% en 42.3% á móti. Í töflunni sem hér fylgir og birt var í Barningi er skrá yfir hvern skóla fyrir sig.

Eins og bent er á í Barningi er þátttakan það mikil að könnunin hlýtur að teljast marktæk. Rúmlega 60% nemenda þessara skóla tók þátt í könnuninni.

Aðrar athyglisverðar niðurstöður komu út úr þessari könnun og mun Stéttabaráttan kynna þær er þær berast.

LEIÐRÉTTING

Í grein í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar féll niður hluti af grein um samfylkingu vinstri manna í HÍ. Réttur á þessi hluti að vera svona:

...En jafnrétti til náms felur líka í sér að inntökuskilyrði í HÍ verði afnumin...Markmiðið er að sérhverjum sé mögulegt að sækja sér hverja þá menntun sem hugur hans stendur til.

Stéttabaráttan biður velvirðingar á þessum mistökum.

Makalaus fundur

framhald af forsíðu

Réðust þeir að Kína fyrir innrásina inn í Víetnam með stórum orðum, en vildu ekki viðurkenna yfirgang víetnama sem þeir hafa haft í frammi á landamærunum um tveggja ára skeið. Þá varð margur tvísaga þegar rætt var um valdarán víetnama í Kampútseu og fyrrverandi formaður Víetnamnefndarinnar, Ólafur Gíslason, sem var framsögumaður á fundinum hafði engin rök önnur en þau sem CIA leggur í munn afturhalds eins og Elínar Pálmadóttur. Minnti málflutningur framsögumanna helst á áróður nasistanna þýsku þegar gyðingum var kennt um allt sem miður fór í Þýska ríkinu, en þeir héldu því kinnroðalaust fram, að allir kínverjar sem sættu ofsóknum í Víetnam hafi verið kapitalistar og eitur í beinum sósíalískrar uppbyggingar í Víetnam. Var helst á þeim að skilja að kapitalisminn í Víetnam væri bundinn kínversku þjóðerni og að það réttlætti þær makalausu ofsóknir, misþyrmingar og morð, sem kínversk ættað fólk hefur sætt í Víetnam.

Að fundinum loknum gengu félagar Fylkingarinnar og Sovétsinnar úr Alþýðubandalaginu fylktu liði upp að kínverska sendiráðinu og stungu mótmælayfirlýsingu innum bréfalúgu, þar sem klukkan var laust eftir miðnætti og enginn vakandi í sendiráðinu til að taka á móti henni. Einn fundarmanna tróð logandi kyndli í bréfalúguna en var hindraður af nærstöddum, sem var andvígur íkveikjutilræðinu.

Að þessu loknu hurfu upphlaupsmennirnir á brott og fá væntanlega lof í eyra frá herrum sínum í Sovéska sendiráðinu fyrir vikið.

Það vakti athygli manna, að nærstaddur á fundinum var fréttamaður sovésku fréttastofunnar APN. Fannst mörgum næsta einkennilegt, þar sem sovéskir fréttamenn hafa ekki áður gert víetnamnefndinni á Íslandi þann vafasama heiður að vera nærstaddir fundi hennar.

Sú spurning vaknar hvort KGB hafi á einhvern hátt staðið að fundinum.



Breytingar á Stéttabaráttunni

Á döfinni eru miklar breytingar á útgáfu Stéttabaráttunnar. Ber þar fyrst að nefna útlit blaðsins. Margir eru sjálfsagt orðnir æði þreyttir á límdu blaði sem vill detta í sundur við minnsta átak.

Þetta verður brátt úr sögunni þar sem síðar í þessum mánuði verður blaðið prentað á aðra prentvél. Þá verður einnig hægt að prenta í lit að nýju.

Samfara þessari breytingu verður breyting á útgáfudegi blaðsins en um tíðari útgáfu verður þó ekki að ræða fyrst um sinn. Þess í stað er áætlað að hafa í blaðinu sérstakan blaðauka mánaðarlega þar sem eitthvert sérstakt mál verður tekið fyrir. Þannig mun blaðið væntanlega stækka og batna.

Einnig er nú verið að vinna að því að festa í sessi vinnsluna við blaðið þannig að hún taki sem skemmstan tíma og tryggt verði að blaðið berist áskrifendum á tilsettum tíma.

Tækjakostur blaðsins nú er slíkur að ekkert má út af bregða ef blaðið á að koma út á tilsettum tíma.

Tilfinnanlega hefur skort í blaðið efni utan af landi. Ritnefnd íhugar að taka þessi mál föstum tökum og reyna að komast í samband við fréttaritara úti á landi. Sams konar átaks er þörf á vinnustöðum í Reykjavík. Hlutverk slíkra fréttaritara er að gefa blaðinu upplýsingar um atburði sem gerast á viðkomandi stöðum, annað hvort með því að senda greinar eða með því að senda punkta sem ritnefnd vinnur síðan úr.

Þessar breytingar verða kynntar nánar síðar. Ritnefnd skorar að lokum á þá áskrifendur sem enn skulda áskriftargjöld að gera upp hið fyrsta. Þessar breytingar eru æði fjárfrekar og einu tekjur blaðsins eru áskriftargjöld og lausasölutekjur.

Ritnefnd.

Jósep Stalín - dánarminning

Í dag, 6. mars, eru 26 ár liðin frá dauða Jósefs Stalíns.

Hann fæddist 21. desember 1879 í borginni Tíflis í Georgíu. Kjör alþýðunnar í rússneska keisaradæminu voru vægt sagt kröpp og pólitísk kúgun var gífurleg. Stalín fékk að kenna á hinni pólitísku kúgun og í ófá skipti var hann fluttur til Síberíu í útlegð.

Undir aldamótin var stofnaður Sósíaldemókratíski verkamannaflokkur Rússlands og gerðist Stalín þá félagi hans. Áður hafði Stalín starfað að pólitískri fræðslu og skipulagningu verkfalla og aðgerða í Georgíu.

Þessi flokkur klofnaði sem kunnugt er í bolsevika og mensevika og varð Stalín brátt einn forystumanna bolsevika.

Eftir dauða Leníns 1924 kom það í hlut Stalíns að halda áfram baráttunni gegn Trotskí sem lauk með afhjúpun og útrýmingu trotskíísku skemmdarverkamannanna og fimmtu herdeildar þýsku nasistanna í Sovétríkjunum.

•

Frá árinu 1928 var lagður grunnur að sósíalískri efnahagsuppbyggingu Sovétríkjanna með fyrstu fimm ára áætluninni sem var raunar uppfyllt á fjórum árum.

Til að þekkja rétt það tímabil í sögu Sovétríkjanna sem gjarnan er kennt við Stalín er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir villum sem þá voru gerðar og því sem rétt var gert. Hin skyndilega uppkoma Krústjoffs og endurskoðunarstefnunnar hlýtur að eiga sér einhverjar skýringar í fortíðinni.

Á árunum eftir aðra heimsstyrjöldina fór að verða áberandi sú stefna að hækka laun ýmissa embættismanna og þeim voru veitt ýms fríðindi. Á sama tíma fór hlutfallslegur fjöldi þeirra innan flokksins hækkandi en tala verkamanna lækkaði. Allavega er ljóst að á fyrsta þinginu eftir dauða Stalíns og þegar Krútsjoff tekur endanlega völdin þá eru embættismenn í meirihluta.

Embættismenn undir forystu manna sem endurskoðuðu marx-lenínismann urðu því smátt og smátt að hópi eða stétt með sérstaka hagsmuni. Endurskoðun þessara manna á marxismanum beindist aðallega að þremur punktum:

Þeir snérust gegn byltingunni og settu fram kenningu um þingræðislega leið til sósíalisma. Þeir settu fram kenningu um friðsamlega sambúð við kapítalísku löndin. Þeir settu loks fram kenningu um ríki alls fólksins og flokk alls fólksins og afneituðu þar með alræði öreiganna og sósíalismanum sem stéttaþjóðfélagi og millistigi kapítalisma og kommúnisma.

Auk þess að hafa náð verulegum ítökum fyrir dauða Stalíns beittu þessir menn ofbeldi, myrtu og boluðu burt mörgum samstarfsmönnum Stalíns.

Þrátt fyrir þessar villur viðurkennir Kommúnistaflokkur Íslands Stalín sem einn frumkvöðla marx-lenínismans og virðir hið mikla framlag hans við sósíalíska uppbyggingu Sovétríkjanna, hins fyrsta verkalýðsríkis, og baráttu hans við endurskoðunarstefnu og trotskíisma.

Hið rétta í stefnu Stalíns yfirgnæfir hið ranga.



Framhald af baksíðu

Austurbæjarskólinn ráðhúsbörnin send í Miðbæjarskóla.

Sama er uppi á teningnum varðandi allt innra starf og námsefni skóla. Ákvarðanir eru teknar niðri í bæ í menntamálaráðuneyti og síðan tilkynntar kennurum. Ekkert samráð er haft við kennara í skólunum þrátt fyrir fögur fyrirheit um slíkt.

Afleiðingin er sú að skólarnir verða ósjálfstæðar og staðnaðar stofnanir sem gera ekki annað en að taka við fyrirmælum og vinna samkvæmt þeim.

Nauðsynlegt að berjast gegn þessu.

Kennurum er nauðsyn að berjast gegn þessu, bæði í skólunum sjálfum og stéttarfélögum kennara. Kennarar Æfingaskólans hafa riðið á vaðið en viðbrögð vantar frá miklu fleiri skólum sem eiga við sama vandamál að stríða. Áríðandi er að fá foreldra til liðs því þarna er ekki síður um þeirra hagsmuni að tefla.

Varast verður þá sérstöku aðferð stjórnvalda að draga endanlega ákvarðanatöku þar til skólastarfi lýkur á vorin og kennarar eru farnir í frí.

Þess vegna verður þessi barátta að hefjast strax.

Jafnrétti til náms fyrirfinnst ekki!

framhald af forsíðu

A-hópur: Háskólamenn, embættismenn, atvinnurekendur, kaupsýslumenn.
B-hópur: Bændur.
C-hópur: Iðnmeistarar, yfirmenn á sjó, fólk við verslunar- og þjónustustörf.
D-hópur: Verka-, sjó-, og iðnaðarmenn.



Frá blaðamannafundi sem boðað var til af nemendum og kennurum í KHÍ, þar sem mótmælt var aðför mennta- og fjármálaráðuneytisins að skólonum.

Áhrif búsetu.

Eins og bent er á hér að framan er búseta annað það atriði sem mismunar nemendum til náms. Þessi þáttur ásamt því úr hvaða þjóðfélagshóp nemendur koma, eru án efa tveir hinir mikilvægustu.

Í töflu I er sýndur fjöldi unglinga á aldrinum 16-19 ára í hverju kjördæmi fyrir sig og prósentutala þeirra sem sækja einhvern þessara 10 skóla, miðað við hvert kjördæmi.

Niðurstaðan er greinilega sú að unglingar úr Reykjavík og af Reykjavíkursvæðinu sækja frekar í framhaldsnám en jafnaldrar þeirra utan af landi. 30.7% reykvíkinga á þessum aldri eru í slíku námi, meðan aðeins 11.4% jafnaldra þeirra af Austfjörðum fara menntaveginn.

Þetta er hið "óstéttskipta" Ísland.

Við þetta má bæta að í könnun sem Skólarannsóknardeild gerði á s.l. ári kom í ljós að árangur nemenda úti á landi á samræmdu grunnskólaprófi var miklu lakari heldur en árangur nemenda í Reykjavík. Það á sér margar skýringar, meðal annars að skólar úti á landi eru verr búnir, tíðari kennaraskipti og styttri skólatími árlega. Þetta sýnir að búseta hefur ekki aðeins áhrif á það hvort nemendur fari í langskólanám, heldur og hvernig þeim vegnar í grunnskóla.

Niðurstöður töflu II benda til þess að það sé fjárhagur sem sé undirrót þess að nemendur úti á landi sækja síður langskólanám. Taflan sýnir nefnilaga að nemendur sækja í þá skóla sem næstir eru bústað þeirra. Það er bæði ódýrast og minnst röskun fyrir nemandann. Það skýrir líka hið óvenju laga hlutfall austfirskra unglinga í þessum skólum að það er eini landshlutinn þar sem enginn menntaskóli er.

Lang best er hins vegar búið að nemendum á Reykjavíkursvæðinu en þar eru 6 þessara 10 skóla og að auki er Samvinnuskólinn á Vesturlandi.

Þannig hafa nemendur í Reykjavík besta aðstöðu til að stunda nám í 7 af þessum 10 skólum.

Áhrif þjóðfélagsstöðu.

Tafla III A sýnir skiptingu allra landsmanna miðað við stéttgreiningu Þorbjörns Broddasonar sem áður er nefnd. Þar sést að A-hópur er fámennastur, aðeins 4%, en verkalýðurinn er fjölmennastur eða 61% þjóðarinnar. Í þessari töflu sést að fámennasti þjóðfélagshópurinn er hlutfallslega fjölmennastur í þessum skólum.

Fylgnin er eðlileg varðandi hópa B og C.

Ef rétt fylgni væri þá ættu nemendur úr þjóðfélagshópi A að vera 4% nemenda þessara skóla en nemendur úr hópi D ættu að vera um 60% nemendanna.

Þessi könnun sýnir því óyggjandi fram á að jafnrétti til náms er alls ekki í raun á Íslandi þótt ekki skorti falleg orð þar um.

Niðurstöðurnar ættu ekki að koma á nokkurn hátt á óvart.

Fjöldi innlendra og erlendra kannana hafa leitt sömu niðurstöður í ljós.

Ástæður þessa eru vafalaust margar. Megin ástæðan er án efa mismunandi fjárhagur fólks í hinum ýmsu þjóðfélagshópum. Mjög algengt er að börn verkamanna og sjómanna þurfi að fara strax út á vinnumarkaðinn auk þess sem börn síðar nefnda hópsins skortir oft hvatningu til náms. Umhverfi þeirra er gjarnan síður meðmælt langskólanámi heldur en hinna.

Grundvallarástæðan fyrir þessu óréttlæti eins og öðru misrétti í þjóðfélaginu er skipting þjóðarinnar í andstæðar stéttir. Ein stéttin ræður yfir öðrum. Yfirstéttin er fámenn, það eru aðallega atvinnurekendur, en ræður og hefur forræði þjóðfélagsins í krafti eignar sinnar á framleiðslutækjunum. Lausnin er því að svipta þennan hóp framleiðslutækjunum og fá þau í hendur hinum vinnandi fjölda.

Þetta er endanlega lausn sósíalismans en vissulega útilokar hún ekki umbætur innan þjóðfélagsins. Það ber þó að hafa í huga að þær umbætur geta verið tímabundnar og teknar til baka aftur auk þess sem þær ráðast aldrei að meininu sjálfu, sem er stéttskiptingin. Þannig geta umbætur, hversu góðar og vel meintar sem þær eru, aldrei unnið bug á orsök alls óréttlætisins sem er stéttaskiptingin. Til dæmis má benda á að aukna róttækni nemenda yfirleitt má eflaust rekja til aukins fjölda nemenda úr verkalýðsstétt í langskólanámi.

TAFLA I - Fjöldi nem. árið 1976 svo og fjöldi þeirra sem eru á aldrinum 16-19 ára, og hlutfallstala þeirra sem sækja skólana úr viðk. kjörd.

1976:	Á ALDRINUM 16-19 ÁRA			Í SKÓLUNUM			
LANDSSVÆÐI	ALLS	KA.	KO.	ALLS	KA.	KO.	%
Reykjavík	6334	3223	3111	1946	1019	927	30,7
Reykjanes	4223	2198	2025	980	509	471	23,2
Vesturland	1216	640	576	155	83	72	12,7
Vestfirðir	928	501	427	156	71	85	16,8
Norðurl.v.	849	433	416	109	54	55	12,8
Norðurl.e.	1980	1013	967	383	178	205	19,3
Austurland	1050	556	494	120	72	48	11,4
Suðurland	1676	797	879	256	136	120	15,3
Samtals	18256	9361	8895	4126	2127	1999	22,6

TAFLA II.A. - Skipting nem. eftir kjörd. innan skólanna. Meðaltöl áranna 1970, 1974 og 1976. Hlutfallstölur.

	M.A.	M.L.	M.S.	M.R.	M.H.	M.Í.	M.K.	M.F.	V.Í.	Samv.
Reykjavík	3,3	5,7	74,0	66,8	71,0	5,2	1,6	0,8	88.3	28,8
Reykjanes	2,1	13,2	15,3	22,9	14,2	5,2	92,0	95,1	25,0	15,0
Vesturland	6,9	13,5	1,5	3,7	3,3	5,6	1,5	0,2	2,7	16,2
Vestfirðir	5,2	5,3	1,1	0,6	1,2	75,6	0,7	0,4	1,9	0,0
Norðurl.v.	11,2	1,3	1,5	0,8	1,2	3,1	0,7	0,7	0,9	7,5
Norðurl.e.	58,7	2,6	0,9	0,3	1,9	0,9	0,2	0,5	1,8	8,8
Austurland	8,5	9,6	1,5	1,8	3,4	1,4	0,4	0,3	1,7	11,3
Suðurland	4,1	51,9	3,8	2,3	3,3	4,1	2,1	1,8	5,0	5,0

SKIPTING ÞORBJ. BRODDASONAR (í grófum dráttum):
A-HÓPUR: Háskólamenn, embættismenn, atvinnurekendur og kaupsýslumenn.
B-HÓPUR: Bændur.
C-HÓPUR: Iðnmeistarar, yfirmenn á sjó, fólk við verslunar og þjónustustörf.
D-HÓPUR: Verka-, sjó- og iðnaðarmenn.

TAFLA II.B. - Dreifing nemenda úr hverju kjörd. á skólana. Hlutfallstölur.

	Rvk.	Reynes	Vest. land	Vest. fj.	Nor. v.	Nor. e.	Aust.	Suðl.
M.R.	25,2	14,5	21,3	1,3	2,8	0,8	9,2	6,6
M.S.	33,9	5,0	7,7	5,1	12,8	2,1	10,0	18,4
M.H.	33,5	16,1	16,1	9,0	11,0	2,1	12,5	17,6
M.K.	0,2	23,5	1,9	1,3	1,8	0,3	1,7	2,3
M.F.	0,3	31,0	0,7	1,9	4,6	0,8	1,7	4,7
M.L.	0,2	1,7	12,3	7,7	1,8	1,6	17,5	38,3
M.Í.	0,8	0,9	5,2	61,5	1,8	0,8	4,2	2,3
M.A.	0,7	0,7	21,3	9,0	56,0	89,0	38,3	5,1
V.Í.	5,0	5,9	6,5	3,2	3,7	1,8	2,5	3,1
Samv.	0,4	0,6	4,5	0,0	3,7	0,8	2,5	1,6

TAFLA III.B. - Meðaltalsskipting nem. í þjóðfélhópa.

ÞJÓÐFÉLAGSHÓPAR	SKIPTING LANDSMANNA	FJÖLDI Í SKÓLUM SEM KÖNNUN NÁÐI TIL	HLUTFALLSLEG SKIPTING INNAN SKÓLANNA
A	4%	365	33,4%
B	9%	75	6,9%
C	26%	300	27,0%
D	61%	538	32,7%

TAFLA III.B. - Skipting nemenda hvers skóla í þjóðfélagshópa.

	A-HÓPUR		B-HÓPUR		C-HÓPUR		D-HÓPUR	
	FJ.	%	FJ.	%	FJ.	%	FJ.	%
M.R.	68	39,5	1	0,6	61	35,5	42	24,4
M.S.	77	52,0	2	1,4	19	12,8	50	33,8
M.H.	65	47,8	6	4,4	18	13,2	47	34,6
M.K.	23	27,4	1	1,2	31	36,9	29	34,5
M.F.	55	30,9	4	2,2	34	19,1	85	47,8
M.L.	9	19,6	12	26,1	14	30,4	11	23,9
M.Í.	10	22,7	3	6,8	15	34,1	16	36,4
M.A.	33	19,9	39	23,5	51	30,7	43	25,9
V.Í.	21	20,8	4	4,0	49	48,5	27	26,7
Samv.	3	25,0	3	25,0	1	8,3	5	41,7



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims, sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
10.tbl. 8.árg. 6.3.1979

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Nýjir samningar hjá Sókn

Félagsfundur var haldinn hjá Sókn 28.feb. og voru þar samþykktir nýjir kjarasamningar. Mikil andstaða við samningana kom fram á fundinum þar sem með þeim næst alls ekki fram launajafnrétti við karlmenn sem vinna sambærileg störf og Sóknarkonur. Atkvæði féllu þannig að 192 sámþykktu samningana en 122 voru á móti. Telst sú andstaða mikil miðað við það sem yfirleitt gerist í verkalýðsfélögunum. Er auðséð að mikil óánægja er með það launamisrétti sem ríkir og að hugur er í starfsstúlkum til frekari baráttu.

Samningarnir eiga að gilda frá 1.mars til 1.júní og eru uppsegjanlegir með mánaðar fyrirvara. Mánaðarkaup hjá starfsmönnum verður svo, með vísitölu 1.mars:

Fyrsta árið: kr.175.670.-
eftir 1 ár: kr.181.138.-
eftir 3 ár: kr.191.384.-
eftir 5 ár: kr.194.069.-
Dagvinna kr.1120 á tímann.
eftirvinna kr.1568.- og næturvinna kr.2016.- Vegna 25 mín (kaffitíma) 60% eða kr.1792.-
Álagsvinna I 33.33% kr.399.-
Álagsvinna II 45% kr. 539.-
Stórhátíðarálag 90% kr.1078.-

Húsmæður sem ekki hafa unnið samkvæmt kjarasamningum Sóknar fá metin störf sín á heimilunum þannig að þær fara inn á 1 árs eða allt að 4 árs taxta. Barnsburðarleyfi reiknast nú á fullum launum eftir 3 ára starfsaldur en var áður 70% af launum 4ára taxta Þær sem hafa unnið skemur fá áfram greitt eftir reglum atvinnuleysistryggingarsjóða, sem felur m.a. í sér að þær fá ekki greitt ef tekjur maka fara yfir visst mark.

Í byrjun fundarins var mótmælt ólýðræðislegum vinnubrögðum Aðalheiðar á fundinum 15.jan. svo og broti á fundarsköpum. Aðalheiður mótmælti mótmælunum og sagði þau lygi þótt margir væru á fundinum sem einnig voru á hinum fyrri og tryðu henni því mátulega. Þá tilkynnti hún að blöð sem verið hefðu með óhróður um fundinn 25.jan gætu fengið að hlusta á segulbandsupptökur af fundinum og dæmt um hvað væri satt og hvað ósatt. Ekki máttu blaðamenn þó fylgjast með þessum fundi því þeim var meinaður aðgangur en máttu þó taka myndir.

Á undan Aðalheiði kom upp önnur kona og hvatti menn til að skoða samningana vel áður en þeir greiddu atkvæði. Slíkt var hins vegar illmögulegt þar eð félagsmenn fengu ekki að sjá samningana fyrr en á fundinum. Sagði kona þessi að lífvænleg laun væru ekki ætluð Sóknarkonum og langt í land með þau eða launajafnrétti.

Aðalheiður lýsti því yfir að unnið hefði verið vel að launajafnrétti í samningunum. Nefndi hún dæmi því til stuðnings, en þau dæmi voru óraunhæf þar sem hún tók ekki dæmi af mönnum sem vinna hliðstæð störf og Sóknarstúlkur eins og t.d. vaktmenn á Kópavogshæli og á Kleppi.

Þessir samningar leiða hvergi nærri til launajafnréttis og sú andstaða sem fram kom bendir til þess að Sóknarkonur ætli ekki að láta sér þetta misrétti lynda.

Austurbæjarskólinn ráðhús - börnin send í Miðbæjarskóla

Nýjustu fréttir af skipulagningu skólahúsnæðis í Reykjavík eru þær að borgaryfirvöld hafa í hyggju að leggja niður Austurbæjarskólann og færa starfsemina þar niður í Miðbæjarskóla.

Að öllum líkindum er þetta gert til að borgarstjórnin geti notað Austurbæjarskólann sem ráðhús.

Í þessu máli sem öðru er varðar skólastarf er ekki verið að hugsa um hvað sé kennurum og nemendum fyrir bestu heldur er aðeins farið eftir duttlungum embættis- og stjórnmálamanna.

Austurbæjarskólinn er veglegt hús og tiltölulega vel búið nauðsynjum til skólahalds. Má þar nefna að í skólanum er sundlaug, leikfimisalur, aðstaða til heilsugæslu nemenda, sérstofur fyrir handavinnukennslu o.s.frv.

Það er í samræmi við annað í skipulagningu skólamála að leggja niður tiltölulega vel útbúinn skóla og flytja þangað embætti sem ekkert hefur við slíka aðstöðu að gera. Það má vel vera að borgarstjórnin þurfi húsnæði en það réttlætir ekki að skólinn sé fluttur.

Foreldrar og kennara í Austurbæjarskóla hljóta að grípa til sams konar aðgerða og gert var í Æfingaskólanum. Það er fyllilega kominn tími til að foreldrar og kennarar mótmæli geðþóttastjórnun skólamála á virkan hátt.

Miðbæjarskólinn.

Miðbæjarskólinn er gamalt timburhús og þess vegna er þar um að ræða mun meiri eldhættu en t.d. í Austurbæjarskóla.

Það hlýtur því að skoðast í meira lagi vafasamt að fylla slíkt hús börnum á þessum aldri og með öllu ábyrgðarlaust ef tilgangurinn er sá einn að fá ráðhús handa borginni.

Auk þess hefur ekki verið athugað hvernig Miðbæjarskólinn er staðsettur með tilliti til heimila nemenda. Að meðaltali verður um lengri leið að ræða fyrir nemendurna.

Auk þess má benda á að Austurbæjarskólinn er ekki hentug bygging fyrir opinbera skrifstofu með tilliti til hreyfihamlaðs fólks.

Miðstýring skólamála.

Aðferðin sem notuð var við afgreiðslu þessara mála er dæmigerð fyrir skrifborðsskipulagningu skólamála.

Þetta er löngu ákveðið bak við tjöldin. Fyrir stuttu kvisaðist þetta út og komst í blöðin. Þá vissi enginn neitt og allir ráðamenn sóru af sér vitneskju um málið.

Um það bil hálfum mánuði síðar ætla yfirvöld að keyra málið í gegnum fræðsluráð. Foreldrar og aðrir sem málið varðar fá ekkert að vita né að vera með í ráðum.

Þetta mál hefur enn ekki verið afgreitt í gegnum Fræðsluráð en full ástæða er fyrir foreldra og kennara að fylgjast náið með þessu.

Framhald síðu 3.



8.mars er alþjóðlegur baráttudagur verkakvenna.

Fundur 8. mars

Rauðsokkahreyfingin og 8.-mars-hreyfingin munu standa að sameiginlegum fundi í Félagsstofnun stúdenta að kvöldi fimmtudagsins 8.mars n.k.

Á fundinum verða flutt ávörp samfelldur upplestur og söngur. Höfuð vígorð fundarins er Gegn allri kvennakúgun. Dagskráin mun fjalla um börn og konur með hliðsjón af aðstöðu barnshafandi kvenna, dagvistunarmálum, viðhorfi til útivinnandi kvenna o.fl.

Fundurinn mun hefjast kl. 20:30 og hvetur Stéttabaráttan lesendur sína til að fjölmenna á fundinn.

Til minningar um félaga

Landsfundur miðstjórnar Kommúnistaflokks Íslands vill minnast sérstaklega fráfallins félaga flokksins, Þorláks Bjarna Halldórssonar, sem lést af slysförum við vinnu sína þann 4.nóv. 1978, þá 22 ára að aldri.

Þorlákur gerðist félagi í Kommúnistasamtökunum (ml) árið 1975 og tók þátt í stofnun Kommúnistaflokksins (ml) í apríl 1976. Hann var verkamaður og hafði gert pólitískt starf meðal verkalýðsins að ævistarfi sínu.

Áttaviss stefnufesta og ákveðni, atorka og glaðlyndi, heiðarleiki og tryggð í vináttu voru meðal mannkosta sem Þorlákur félagi okkar hafði til að bera. Af honum er mikill missir og mannskaði.

Kommúnistaflokkurinn mun minnast Þorláks eins og hann sjálfur hefði viljað að sín yrði minnst. Með því að halda á lofti og færa til sigurs merki hans, hinn rauða fána verkalýðsstéttarinnar. Megi minning Þorláks lengi lifa og dafna meðal okkar allra sem hann þekktum og virtum.

Með félagakveðjum til minningar um Þorlák heitinn vin okkar. Miðstjórn Kommúnistaflokks Íslands (ml).



Þorlákur Bjarni Halldórsson



HERINN BURT

30. mars 1979

Þann 30.mars nk. verður mikið um að vera hjá herstöðvaandstæðingum og ætti öllum að vera kunnugt um tilefnið.

Þá verða liðin 30 ár frá inngöngu Íslands í hernaðarbandalagið NATÓ.

Samtök herstöðvaandstæðinga um allt land hafa staðið í ýmis konar undirbúningi fyrir dagskrá, sem verður flutt að Kjarvalstöðum dagana 16.-27.mars nk.

Margt verður til fróðleiks og skemmtunar og verða nefndir nokkrir dagskrárliðir sem ætlunin er að flytja.

Myndlistarsýning:
Verða þær tvenns konar. Annars vegar yfirlitssýning á verkum sem tengjast hersetunni og NATÓ. Hins vegar ný verk unnin sérstaklega af þessu tilefni.

Ljósmyndasýning:
Sögulegt yfirlit yfir aðgerðir hers og herstöðvaandstæðinga, allt frá hernámi Breta til þessa dags. Sýningin verður þannig úr garði gerð, að hægt verður að senda hana út um landið.

Skáldavökur:
Lesin verða upp ljóð og sögur, verður þessi dagskrá unnin að nokkru leiti í samvinnu við tónlistarmenn.

Tónlistardagskrá:
Hún verður með tvennum hætti a) Dagskrá þar sem troðið verður upp með margvíslegt efni; trúbadora, klassíska tónlist, sönghópa, hljómsveitir, o.s.frv. b) Tónleikar (í Háskólabíó 30.mars) þar sem meginuppistaðan verður baráttusöngvar herstöðvaandstæðinga, útsettir fyrir stóra hljómsveit. Plötuútgáfa hefur verið nefnd í þessu sambandi, en það er ekki ákveðið enn.

Leiklist:
Alþýðuleikhúsið er með kabarett í burðaliðnum sem sýndur verður af þessu tilefni.

Kvikmyndasýningar:
Ætlunin er að efna til kvikmyndaviku. Þar verða á boðstólum u.þ.b. tíu myndir sem tengjast baráttunni gegn heimsvaldastefnunni.

Útgáfumál:
Mál og menning mun að tilhlutan SHA gefa út safn ljóða sem tengjast baráttunmálum herstöðvaandstæðinga.

Sem sjá má að framansögðu er ýmislegt á prjónunum, og er ljóst að þetta útheimtir mikla vinnu. Þeir sem hafa áhuga og vilja leggja fram krafta sína í undirbúning eru hér með beðnir að snúa sér til skrifstofu SHA, Tryggvagötu 10, sími 17966.